Fréttatilkynning

Árið 2005 skipaði félagsmálaráðherra, sjö manna verkefnisstjórn sem ætlað er að stýra fimm ára verkefni sem hefur það meginmarkmið að styrkja stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði. Eitt af því sem verkefninu er ætlað, er að styrkja stöðu þeirra sem eru 50 ára og eldri með því að skapa jákvæða umræðu um miðaldra og eldra fólk á vinnumarkaði. Markmiðið er m.a. að bæta ímynd þeirra með því að vekja athygli á kostum þeirra sem starfsmanna og móta farveg fyrir viðhorfsbreytingu í þjóðfélaginu.

Morgunverðarfundir verða haldnir á Grand hóteli – Háteigi (salur á 4. hæð) þann 19. október, 2. nóvember og 15. nóvember 2007.

Dagskrá:

19. október kl. 8:30 – 10:00

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra ávarpar fundargesti.

Sigurður Jóhannesson hagfræðingur á Hagfræðistofnun Háskóla Íslands fjallar um samverkan launa- og lífeyristekna og hvort það sé þjóðhagslegur ávinningur af atvinnuþátttöku eldra fólks.

Sigríður Lillý Baldursdóttir framkvæmdastjóri þróunarsviðs Tryggingastofnunar ríkisins fjallar um kostnað samfélagsins af því að missa fólk fyrr af vinnumarkaði út frá heilsufarslegum og félagslegum forsendum.

Hannes G. Sigurðsson aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins fjallar um breytingar í mannfjöldaþróun næstu áratuga og áhrif breytinganna á íslenskan vinnumarkað.

2. nóvember kl. 8:30 – 10:00

Emil B. Karlsson forstöðumaður Rannsóknarseturs verslunarinnar fjallar um rannsókn Rannsóknarsetursins á ávinningi fyrirtækja af atvinnuþátttöku eldra fólks.

Guðríður H. Baldursdóttir starfsmannastjóri Kaupáss fjallar um möguleika og reynslu fyrirtækjanna af að ráða eldra fólk til starfa.

Guðrún Stella Gissurardóttir forstöðumaður þjónustuskrifstofu Vinnumálastofnunar á Vestfjörðum, fjallar um mentora hugmyndina – félagsvinakerfi- og möguleika fyrirtækjanna til að nýta sér hana.

15. nóvember kl. 8:30 – 10:00

Sveinn Aðalsteinsson framkvæmdastjóri Starfsafls, starfsmenntar Samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins, fjallar um Evrópuverkefni sem Starfsafl tekur þátt í, og miðar að því að styrkja stöðu eldra fólks á vinnumarkaði.

Séra Bernharður Guðmundsson fulltrúi Öldrunarráðs Íslands í norrænni nefnd – Ældre i arbejdslivet – fjallar um breytilegar þarfir og aðstæður fólks á vinnumarkaði.

Halldóra Friðjónsdóttir formaður BHM og nefndarmaður í Verkefnisstjórn 50+ fjallar um erlend verkefni sem unnin hafa verið með þennan aldurshóp í fyrirtækjum.